

Fimmtudaginn 30. september 1993.

Nr. 278/1990. **Dánarbú Svövu Jóhannesdóttur,  
Guðmundur Guðmundsson og  
Sigrún Guðmundsdóttir**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Magnúsi R. Þórarinssyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Áskorunarmál. Víxilmál. 45. gr. laga nr. 75/1973.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. júní sama ár, krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda. Þeir krefjast þess og, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar síðargreindrar áritunar á áskorunarstefnu um aðfararhæfi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál og þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní 1989 af stefnda gegn eigendum Sunnutorgs sf., þeim Svövu Jóhannesdóttur, Sunnuvegi 27, Reykjavík, og Sigrúnu Guðmundsdóttur, sama stað, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 297.135 auk dráttarvaxta. Í stefnu segir enn fremur: „Skuld þessi er samkv. 2 víxlum útg. 11. 9. 1986 af stefnanda, en samþ. til greiðslu í Landsbanka Ísl., Rvk., af K. Bjarnasyni f. h. Sunnutorgs sf. Annar víxillinn var að fjárhæð kr. 150.000 með gjaldd. 20. 11. 1986, en hinn kr. 140.000 með gjaldd. 30. 11. s. á. Víxlarnir voru afsagðir sökum greiðslufalls, og innleysti stefnandi þá til sín 18. 12. s. á. með alls kr. 297.135, sem er stefnufjárhæð máls þessa. Skuld þessi hefur ekki fegist greidd þrátt fyrir ítrekuð greiðslutilmæli, og er málshöfðun því nauðsynleg.“

Af hálfu áfrýjenda var sótt þing við þingfestingu, og fékk umboðsmaður þeirra frest til greinargerðar til 5. september 1989. Þann dag mætti annar lögmaður af hálfu áfrýjenda og fékk frest til greinargerðar til 19. september. Þann dag var enn mætt af hálfu

áfrýjenda og fenginn frestur til greinargerðar til 3. október og aftur til 10. október. Að þeim fresti liðnum var ekki sótt þing af hálfu áfrýjenda. Tók dómari þá málið til áritunar eftir kröfu stefnda. Málið var því næst áritað um aðfararhæfi 2. janúar 1990 með svofelldri áritun: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 38.400 í málskostnað, þ. m. t. söluskattur, eru aðfararhæfar frá dagsetningu áritunar þessarar. Vextir af málskostnaði án söluskatts reiknist frá 15. degi frá áritun þessari skv. III. kafla vaxtalaga.“

Fyrir Hæstarétti halda áfrýjendur því fram, að enginn lögmanna þeirra, er sóttu þing í héraði og þar voru bókaðir mættir af hálfu áfrýjenda, hafi haft til þess umboð. Áfrýjendur hafa enga sönnun leitt að þessari staðhæfingu, og teljast lögmennirnir því hafa haft gilt umboð, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Áfrýjendur hafa borið það fyrir sig fyrir Hæstarétti, að víxlar þeir, sem um sé að ræða, hafi verið samþykktir til greiðslu af eiginmanni áfrýjandans Sigrúnar Guðmundsdóttur, Kristni Bjarnasyni, sem ekki hafi haft umboð til þess að skuldbinda firmað Sunnutorg sf.

Kröfur þær og málsástæður, er áfrýjendur bera fram í Hæstarétti, var þeim í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði. Verður ekki fallist á, að þeir megi koma þeim að fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu áritun og dæma áfrýjendur in solidum til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það er athugavert, að áfrýjendur gátu þess í áfrýjunarstefnu 17. júlí 1990, að þeir gerðu áskilnað um nýjar kröfur, varnir, rök, málsástæður og gögn með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973, en lögðu þó engin gögn fyrir réttinn til stuðnings máli sínu fyrr en skömmu fyrir munnlegan málflutning.

#### D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun er staðfest.

Áfrýjendur, dánarbú Svövu Jóhannesdóttur, Guðmundur Guðmundsson og Sigrún Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnda, Magnúsi R. Þórarinssyni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.